

Mál nr. 332/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tilkynningarfrest og bótaskyldu (orsakatengsl).****Gögn.**

167. Málskot, móttakið 4.11.2014, ásamt fylgigögnum.

168. Bréf X, dags. 7.11.2014.

Málsatvik.

Hinn 3.3.2012 féll M af hestbaki og varð fyrir meiðslum. Hún leitaði samdægurs á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Í læknisvottorði frá stofnuninni, dags. 22.4.2014, kemur fram að M hafi verið með áverka á vinstri framhandleggsbeinum við úlnlið og á handarbaki. Var talið að röntgenrannsókn sýndi brot á „metacarpal I, við basis beinsis. Laus flaski en lega nokkuð góð.“ Ráðgjöf hafi verið fengin frá handarskurðlækni á Landspítalanum og í kjölfar þess hafi M verið sett í gifs og endurkoma ráðlögð eftir 3 vikur.

Hinn 5.3.2012 kom M á ný þar sem henni þótti gifs vera þröngt um úlnlið. Þá mun teygjuband hafa verið tekið upp, klippt það sem særði og vafið á ný. Röntgenmyndir munu hafa verið skoðaðar að nýju og engin brot hafi þá sést. Fékk M útskýringar og ráðlögð notkun spelku „symptomatísk“ í allt að 10 daga frá áverka (slysdegi).

M kom aftur á bráðamóttökuna 7.3.2012. Aukinn bjúgur var þá á fingrum við liðina og auknir verkir vegna bjúgsins. Var henni ráðlagt að stytta fatla.

M kom svo næst 23.3.2012 og þá var gifs tekið og röntgenrannsókn endurtekin. Sár munu þá hafa litið vel út.

Hinn 24.10.2012 kom M á nýjan leik á bráðamóttökuna. Þá kvartaði hún um verki í vinstri öxl. Var talið að hún hafi sennilega orðið fyrir tognun í öxlinni og við því væri ekkert að gera nema gefa almennar ráðleggingar.

Að síðustu kom M svo á bráðamóttökuna 24.3.2014. Hún hafði þá einkenni frá vinstri öxl og einnig eymsli og „jafnvel bólgna yfir ulanara hluta úlnliðs við mikið álag, einkum ef togað er í hendina. Líka langvinn afleiðing af tognun og liðbandaáverka.“ Var talið að um lítil einkenni væri að og engar sérstakar ráðleggingar veittar. Í niðurlagi vottorðsins vegna þessara komu segir að einkennin gætu lagast með tímanum. Fékk M beiðni fyrir sjúkraþjálfun.

M var vátryggð samkvæmt frítímaslysáttryggingarlið í fjölskyldutryggingu hjá X og hinn 24.3.2014 tilkynnti M um slysið til X. M hafnaði bótaskyldu úr slysáttryggingunni á þeirri forsendu að lögmæltur eins árs frestur til að tilkynna um vátryggingaratburðinn hafi verið liðinn þegar tilkynningin barst. Að auki séu ekki ekki orsakatengsl á milli slyssins og einkenna M í vinstri öxl.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glatar sá sem rétt á til bóta úr slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Eina læknisfræðilega gagnið sem liggur fyrir í málinu er læknisvottorð það sem að ofan greinir. Af læknisvottorðinu verður ekki ráðið að í heimsóknnum M á bráðamóttökuna hafi hún verið upplýst um að hún byggi við varanlegan áverka á hendinni eða af læknismeðferð hafi að öðru leyti mátt ætla að svo hafi verið. M reyndist ekki brotin þótt grunur um slíkt hafi vaknað við fyrstu komu til læknis. Heldur mun hún að líkindum hafa orðið fyrir tognum og liðbandaáverka eins og greinir í læknisvottorðinu vegna komunnar 24.3.2014. Þess var þá ennfremur getið að hún gæti lagast með tímanum. Þegar litið er til þessa verður ekki talið að frestur M til að tilkynna um tjónið til X hafi verið liðinn er tjónstilkynningin barst X hinn 24.3.2014.

M kvartaði fyrst undan einkennum í vinstri öxl í læknisheimsókn 24.10.2012 eða um sjö mánuðum og þremur vikum eftir slysaatvikið 3.3.2012 sem hér er til umfjöllunar. Er talið í fyrirbyggjandi vottorði að einkennin megi rekja til tognunar í öxlinni án þess þó að það sé beinlínis tengt umræddu slysi. Þegar litið er til þess hversu langur tími leið frá slysinu uns M kvartaði við lækni vegna einkenna sinna í öxlinni verður af gögnum málsins að telja ósannað að þau megi rekja til umrædds slyss.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá X vegna áverka á vinstri úlnlið af völdum slyss 3.3.2012. Hún á ekki rétt á bótum úr váttryggingunni vegna einkenna í vinstri öxl.

Reykjavík, 2. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.